

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2021

ABC barnahjálp á Íslandi
Nýbýlavegi 6
200 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

ABC barnahjálpar er íslenskt hjálparstarf, stofnað 1988. Starfið snýst um að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á ásamt því að styrkja börn til náms, sinna heilbrigðismálum, fullorðinsfræðslu, bættri afkomu og neyðarhjálp þegar aðstæður krefjast. Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði árið 2021 og undanfarin ár, félagið byggir afkomu sína á gjöfum, áheitum, söfnunarfé, öðrum framlögum og styrkjum ásamt því að starfrækja nýjamarkað.

Rekstartekjur ársins námu 246,0 millj. kr. samanborið við 262,1 millj. kr. á árinu 2020. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 150,0 millj. kr. miðað við 165,0 millj. kr. á árinu áður. Tekjur ársins umfram gjöld námu 1,8 millj. kr. samkvæmt rekstarreikningi, Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 39,9 millj. kr. í árslok 2021. Heildareignir námu í árslok 44,2 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft talsverð áhrif á rekstur félagsins á síðustu tveimur árum. Strax í upphafi faraldursins settu stjórn og stjórnendur af stað viðbragðsáætlun þar sem lögð var áhersla á bæði öryggi starfsmanna og rekstursins. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir hefur starfsemin gengið vel fyrir sig. Stjórnendur telja að Covid-19 faraldurinn muni ekki hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins til framtíðar.


Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2021 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2021.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. maí 2022

Í stjórn hjálparstarfsins:



Samuel Jónsson
Kristjana G. Halvorsdóttir
Sigrún H. W. Jónsdóttir
Jónas Svansson
Páll Einarsson
N. DROTT
Ólafur

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. maí 2022

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020	
Rekstrartekjur				
Gjafir og áheiti	4	136.394.981	139.067.691	
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	4	0	1.324.118	
Vörusala nytjamarkaðar		58.493.527	48.935.404	
Önnur framlög og styrkir	5	51.102.814	72.809.602	
		245.991.322	262.136.815	
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	54.759.908	51.696.231	
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	7	150.009.960	165.030.184	
Annar rekstrarkostnaður	8	36.942.206	33.449.870	
Afskriftir	9	2.145.095	1.482.174	
		243.857.169	251.658.459	
Rekstrarafgangur án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		2.134.153	10.478.356	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		82.262	47.852	
Vaxtagjöld	(19.129)	(44.643)
Gengismunur	(441.851)	(406.107)
		(378.718)	(402.898)
Tekjur ársins umfram gjöld	10	1.755.435	10.075.458	

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Hugbúnaður		4.756.237	3.866.421
Bifreið		244.936	734.810
Fastafjármunir samtals	9	<u>5.001.173</u>	<u>4.601.231</u>
Vörubirgðir		0	9.100
Viðskiptakröfur		7.765.360	7.978.530
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	1.459.400
Handbært fé		31.385.483	29.055.427
Veltufjármunir samtals		<u>39.150.843</u>	<u>38.502.457</u>
Eignir samtals		<u><u>44.152.016</u></u>	<u><u>43.103.688</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>39.896.130</u>	<u>38.140.695</u>
Eigið fé samtals		<u>39.896.130</u>	<u>38.140.695</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.812.687	3.141.369
Ógreidd launatengd gjöld		2.443.199	1.821.624
Skuldir samtals		<u>4.255.886</u>	<u>4.962.993</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>44.152.016</u></u>	<u><u>43.103.688</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheiti og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheiti og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

	2021	2020
Gjafir og áheiti	136.394.981	139.067.691
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	0	1.324.118
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7	(150.009.960)	(165.030.184)
	<u>(13.614.979)</u>	<u>(24.638.375)</u>

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

Neyðarsjóður	27.449.718	31.462.539
Rekstrarsjóður, símasafnanir og önnur framlög	20.849.969	38.939.652
Baukar	2.803.127	2.407.411
	<u>51.102.814</u>	<u>72.809.602</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	48.310.971	42.255.465
Mótframlag vinnumálastofnunar	(4.687.890)	0
Lífeyrissjóður	6.189.422	5.429.777
Tryggingagjald	3.345.577	3.028.012
Önnur launatengd gjöld	1.101.828	637.977
Dagpeningar	500.000	345.000
	<u>54.759.908</u>	<u>51.696.231</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf 8 7

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig:	2021	2020
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	31.374.196	45.566.684
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	38.617.020	42.762.898
Sent til ABC barnahjálpar í Bangladesh	26.852.692	19.965.714
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	16.041.269	16.994.053
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	19.925.494	15.031.353
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	6.065.122	8.832.866
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	10.630.167	8.075.027
Sent til Norrænu barnahjálparinnar vegna vettvangsþjónustu og eftirlits	0	7.153.589
Fræðsla til barna á Íslandi	504.000	648.000
	<u>150.009.960</u>	<u>165.030.184</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsaleiga	19.126.004	17.646.998
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	3.656.027	3.725.073
Tölvukostnaður	3.502.793	3.707.128
Skrifstofukostnaður	4.006.211	2.940.898
Auglýsinga og kostnaður vegna fjáraflana	1.985.956	1.897.487
Húsnæðiskostnaður	2.081.047	1.242.329
Aðkeypt þjónusta	1.088.023	1.005.485
Ferðakostnaður og vettfangsþjónusta	788.268	494.313
Gjafir og framlög	394.718	470.358
Tryggingar	172.659	126.046
Námskeið	131.400	123.530
Ýmis gjöld	9.100	70.225
	<u>36.942.206</u>	<u>33.449.870</u>

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig.

	Hugbúnaður	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	8.726.107	2.449.369	11.175.476
Afskrifað 1.1.2021	(4.859.686)	(1.714.559)	(6.574.245)
Bókfært verð 1.1.2021	3.866.421	734.810	4.601.231
Víðbætur ársins	2.545.037	0	2.545.037
Afskrifað á árinu	(1.655.221)	(489.874)	(2.145.095)
Bókfært verð 31.12.2021	<u>4.756.237</u>	<u>244.936</u>	<u>5.001.173</u>
Heildarverð 31.12.2021	11.271.144	2.449.369	13.720.513
Afskrifað samtals 31.12.2021	(6.514.907)	(2.204.433)	(8.719.340)
Bókfært verð 31.12.2021	<u>4.756.237</u>	<u>244.936</u>	<u>5.001.173</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:	2021	2020
Eigið fé 1.1.	38.140.695	28.065.237
Hagnaður ársins	1.755.435	10.075.458
Eigið fé 31.12.	<u>39.896.130</u>	<u>38.140.695</u>

Að tilmælum þróunarsamvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 12 millj.kr. á meðal handbærs fjár sem hugsað er sem varasjóður. Á árinu 2022 samþykkti stjórn félagsins að hækka upphæð varasjóðs í 18 millj. kr.